



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Steingrímur J. Sigfússon
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2013

Varðar úrskurð ítölunefndar varðandi beit í Almenninum.

Náttúruverndarsamtök Íslands krefjast þess, sbr. 27. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., að atvinnu og nýsköpunarráðherra skipi yfirmatsnefnd þar eð úrskurður (meirihluta) ítölunefndar, dags. 7. mars s.l. stenst ekki 22. gr. sömu laga. Þar segir:

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Meirihluti ítölunefndar fullnægði ekki þessum skilyrðum laga. Niðurstaða álits vísindamanna Landbúnaðarháskóla Íslands¹ var að umræddur afréttur þoli ekki beit. Hið sama kom fram af hálfu Landgræðslu ríkisins.² Einnig skal bent á viðtal við Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur í Spegli RÚV þann 9. apríl s.l.³

Hvernig má það vera að ítölunefnd skipuð fulltrúum bænda og hagsmunasamtaka bænda geti í krafti atkvæða sinna komist upp með að beita afrétti - örfoka land - sem vísindamenn telja að þoli alls ekki beit á sama tíma og sjálfsagt þykir að banna og/eða takmarka veiðar á þeim fiskstofnum sem ofveiddir eru?

¹ <http://www.land.is/images/pdf-documents/skyrslur/almenningar-skyrsla.pdf>

² <http://www.land.is/allar-frettir/171-nidhurstadha-itoelunefndar-um-beit-a-almenninum-rangarthingi-eystra>


³ <http://ruv.is/frett/stort-skref-aftur-a-bak>

Náttúruverndarsamtök Íslands telja þessa skipan mála óþolandi og krefjast þess að yfirmatsnefnd verði skipuð fagmönnum sem ekki eiga annarra hagsmuna að gæta en framfylgja lögum. Nauðsynlegt er að yfirmatsnefnd hafi varúðarregluna að leiðarljósi.

Minnt skal á að stefna Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs er að banna búfjárbeit á afréttum þar sem gróður- og jarðvegseyðing er viðvarandi.⁴

Almenningar er þjóðlenda og því ætti hver sem er að geta kært úrskurð ítölunefndar. Það ættu sem flestir að gera og með þeim hætti heiðra minningu Herðísar Þorvaldsdóttur og hennar baráttu. Verði þessum úrskurði ítölunefndar ekki snúið erum við komin áratugi aftur í tímann enda eru ráðleggingar vísindamanna að engu höfð. Hann stenst engan veginn varúðarregluna sem nýlega var leidd í lög hér á landi með samþykkt frumvarps til laga um náttúruvernd.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson, formaður.

⁴ Svar Svandísar Svavarsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra við spurningu Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landverndar og fleiri: Er stjórn mála flokkur þinn hlynntur banni á búfjárbeit á afréttum þar sem að gróður - og jarðvegseyðing er viðvarandi? – Svar Svandísar: Já